

Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1-3  
400 Ísafjörður

Ísafjörður 15. janúar 2019  
UST201711-218/K.Ó.J.  
09.04.08

**Efni:** Deiliskipulag byggðakjarna innan Hornstranda

Í bréfi dagsettu 15. janúar 2019 er óskað eftir afstöðu Umhverfisstofnunar til bókunar Umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar frá 11. júní 2014, um möguleika á gerð svæðisskipulags/nýtingaráætlunar (rammahluta aðalskipulags) í samstarfi við Umhverfisstofnun og landeigendur.

Líkt og fram kom í bréfi sem Umhverfisstofnun sendi Ísafjarðarbæ 17. maí sl. var óskað eftir deiliskipulagi fyrir Hesteyri þannig að hægt verði að vinna áfram að innviðaupbyggingu og stýringu gesta á svæðinu. Þar kom jafnframt fram mikilvægi þess að hafa landeigendur með í ráðum varðandi skipulag svæðisins, þar með talið leiðaval göngustíga, staðsetningu þjónustuhúss og tjaldsvæðis. Þessi ósk Umhverfisstofnunar er í samræmi við ályktun frá aðalfundi Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurrepps frá 26. maí 2014. En þar er því beint til Ísafjarðarbæjar að hefjast handa við gerð deiliskipulags í samvinnu við LSG í þeim byggðakjörnum í friðlandinu sem fjölsóttastir eru af ferðamönnum.

Ef litið er til fjölda ferðamanna innan friðlandsins, ber Hesteyri höfuð og herðar yfir aðra byggðakjarna og því telur Umhverfisstofnun eðlilegt að vinna við skipulag byggðakjarna hefjist þar.


Umhverfisstofnun telur að samhljóm sé að finna í erindum Umhverfisstofnunar og Landeigendafélagsins varðandi skipulagsvinnuna og tekur undir áhyggjur félagsins sem koma fram í greinagerð þeirri sem fylgir ályktuninni.

*„Ef ekki verður brugðist við með gerð skipulags og framkvæmdum í kjölfarið fer um þessa perlu í norðrinu eins og aðra fjölfarna ferðamannastaði sem hafa verið hvað mest í umræðunni í fjölmiðlum að undanförmu“.*

Umhverfisstofnun ítrekar afstöðu sína frá 17. maí sl. um nauðsyn þess að unnið sé deiliskipulag. Umhverfisstofnun hefur nú fengið fjármagn til innviðauppbýggingar á Hesteyri sem nota skal á árinu 2019. Er þar annars vegar fjármagn til að byggja þjónustuhús á Hesteyri og hins vegar til lagfæringa á göngustígum á Hesteyri. Það er því mikilvægt að lokaafurð skipulagsins veiti heimildir til framkvæmda innan svæðisins, þ.e. að heimilt verði að vinna eftir skipulaginu til framdráttar fyrir svæðið.

Virðingarfyllst

*Kristín Ósk Jónasdóttir*  
Kristín Ósk Jónasdóttir  
sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson  
sviðsstjóri